

Gjört í Strassborg, 15. mars 1978 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjala-safni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafn-gildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra ríkja sem undirrit-að hafa viðbótarsamninginn eða gerst aðilar að honum.

Done at Strasbourg, this 15th day of March 1978, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory and acceding States.

## AUGLÝSING

### um Evrópusamning um vernd dýra í landbúnaði.

Hinn 19. september 1989 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um vernd dýra í landbúnaði sem lagður var fram til undirritunar í Strassborg 10. mars 1976. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd 27. janúar 1977 með fyrirvara um fullgildingu. Samningurinn öðlast gildi 20. mars 1990 að því er Ísland varðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. október 1989.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Hannes Hafstein.*

### Fylgiskjal.

#### EVROPUSAMNINGUR um vernd dýra í landbúnaði

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samning þennan,

sem telja æskilegt að koma á sameiginlegum reglum um vernd dýra í landbúnaði, einkum í stórvirkum nútímabúskap,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

#### I. KAFLI Almennar reglur 1. gr.

Samningur þessi gildir um hald, umsjón og háysingu dýra, einkum kvikfé í stórvirkum nútíma-búskap. Í samningi þessu merkja „dýr“ dýr sem alin eru eða höfð til framleiðslu á matvælum, ull, skinnnum eða loðfeldum, eða til annarra búnaðar-þarfa, og „stórvirkur nútímabúskapur“ merkir

#### EUROPEAN CONVENTION for the Protection of Animals Kept for Farming Purposes

The member States of the Council of Europe signatory hereto,

Considering that it is desirable to adopt common provisions for the protection of animals kept for farming purposes, particularly in modern intensive stock-farming systems,

Have agreed as follows:

#### CHAPTER I General Principles Article 1

This Convention shall apply to the keeping, care and housing of animals, and in particular to animals in modern intensive stock-farming systems. For the purposes of this Convention “animals” shall mean animals bred or kept for the production of food, wool, skin or fur or for other

búskap sem aðallega nýtir tæknibúnað sem í meginatriðum starfar á sjálfvirkan hátt.

#### 2. gr.

Hver samningsaðili skal koma í framkvæmd reglum þeim um dýravernd sem settar eru í 3.–7. gr. samnings þessa.

#### 3. gr.

Dýr skulu hýst og þeim séð fyrir fódri, vatni og umönnun með þeim hætti sem - með hliðsjón af tegund þeirra og því hversu þroska, aðlögun og tamingu þeirra er komið - hæfir líkamlegum og atferlislegum þörfum þeirra, eftir því sem vitað er samkvæmt reynslu og vísindalegri þekkingu.

#### 4. gr.

1. Hreyffrelsi það sem hæfilegt er dýri, með hliðsjón af tegund þess og eftir því sem vitað er samkvæmt reynslu og vísindalegri þekkingu, skal ekki skerða á þann hátt að valdi því ónaðsynlegri þjáningu eða meiðslum.

2. Þar sem dýr er að staðaldrí eða reglulega tjóðrað eða því haldið inni skal því séð fyrir rými sem hæfir líkamlegum og atferlislegum þörfum þess, eftir því sem vitað er samkvæmt reynslu og vísindalegri þekkingu.

#### 5. gr.

Lýsing, hiti, raki, loftflæði, loftræsting og önnur umhverfisatriði, svo sem magn lofttegunda eða hávaði þar sem dýr er hýst, skal - með hliðsjón af tegund þess og hversu þroska, aðlögun og tamingu þess er komið - hæfa líkamlegum og atferlislegum þörfum þess, eftir því sem vitað er samkvæmt reynslu og vísindalegri þekkingu.

#### 6. gr.

Ekki skal sjá dýri fyrir fódri eða vökva með þeim hætti að valdi því ónaðsynlegri þjáningu eða meiðslum, og ekki má fódrið eða vökvinn innihalda efni sem því geta valdið.

#### 7. gr.

1. Gæta skal vandlega að ástandi og heilsu dýra með svo skömmu millibili að nægi til að koma í veg fyrir ónaðsynlega þjáningu, og að minnsta kosti einu sinni á dag þar sem dýr eru höfð til stórvirks nútímabúskapar.

farming purposes, and “modern intensive stock-farming systems” shall mean systems which predominantly employ technical installations operated principally by means of automatic processes.

#### Article 2

Each Contracting Party shall give effect to the principles of animal welfare laid down in Articles 3 to 7 of this Convention.

#### Article 3

Animals shall be housed and provided with food, water and care in a manner which – having regard to their species and to their degree of development, adaptation and domestication – is appropriate to their physiological and ethological needs in accordance with established experience and scientific knowledge.

#### Article 4

1. The freedom of movement appropriate to an animal, having regard to its species and in accordance with established experience and scientific knowledge, shall not be restricted in such a manner as to cause it unnecessary suffering or injury.

2. Where an animal is continuously or regularly tethered or confined, it shall be given the space appropriate to its physiological and ethological needs in accordance with established experience and scientific knowledge.

#### Article 5

The lighting, temperature, humidity, air circulation, ventilation, and other environmental conditions such as gas concentration or noise intensity in the place in which an animal is housed, shall – having regard to its species and to its degree of development, adaptation and domestication – conform to its physiological and ethological needs in accordance with established experience and scientific knowledge.

#### Article 6

No animal shall be provided with food or liquid in a manner, nor shall such food or liquid contain any substance, which may cause unnecessary suffering or injury.

#### Article 7

1. The condition and state of health of animals shall be thoroughly inspected at intervals sufficient to avoid unnecessary suffering and in the case of animals kept in modern intensive stock-farming systems at least once a day.

2. Tæknibúnað þann sem notaður er við stórvirkan nútímabúskap skal athuga vandlega að minnsta kosti einu sinni á dag, og gert skal eins fljótt og auðið er við hverja þá bilun sem í ljós kemur. Þegar ekki er hægt að gera við bilun tafarlaust skal strax gera allar þær ráðstafanir til bráðabirgða sem nauðynlegar eru dýrunum til verndar.

## II. KAFLI.

### Framkvæmd í einstökum atriðum

#### 8. gr.

1. Fastanefnd skal sett á fót innan árs frá því er samningur þessi öðlast gildi.

2. Hver samningsaðili á rétt á að skipa fulltrúa í fastanefnd. Hvert aðildarríki Evrópuráðsins sem ekki er aðili að samningi þessum á rétt á að hafa áheyrnarfulltrúa í nefndinni.

3. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal kveðja nefndina til fundar hvenær sem honum þykir þess þörf, og hvernig sem annars á stendur þegar meiri hluti fulltrúa samningsaðila, eða fulltrúi Efnahagsbandalags Evrópu, sé það sjálfst samningsaðili, óskar þess að hún sé kvödd saman.

4. Fundur í fastanefnd er lögmætur ef meiri hluti fulltrúa samningsaðila sækir hann.

5. Ákvarðanir fastanefndar skulu teknar með meiri hluta greiddra atkvæða; þó skal eftirtalið gert með samhljóða greiddum atkvæðum:

a. samþykkt tilmæla sem í 1. tl. 9. gr. segir,

b. ákvörðun um að veita öðrum áheyrnarfulltrúum en þeim sem í 2. tl. þessarar greinar segir aðgang,

c. samþykkt skýrslu sem í 13. gr. segir; í henni mætti þar sem við á setja fram mismunandi skoðanir.

6. Fastanefndin skal setja sér starfsreglur í samræmi við ákvæði samnings þessa.

#### 9. gr.

1. Fastanefnd skal falið að semja og samþykkja tilmæli til samningsaðila er kveði ítarlega á um framkvæmd reglna þeirra sem í I. kafla greinir, og skulu þau byggð á vísindalegri þekkingu um hinar ýmsu dýrategundir.

2. The technical equipment used in modern intensive stock-farming systems shall be thoroughly inspected at least once a day, and any defect discovered shall be remedied with the least possible delay. When a defect cannot be remedied forthwith, all temporary measures necessary to safeguard the welfare of the animals shall be taken immediately.

## CHAPTER II

### Detailed Implementation

#### Article 8

1. A Standing Committee shall be set up within a year of the entry into force of this Convention.

2. Each Contracting Party shall have the right to appoint a representative to the Standing Committee. Any member State of the Council of Europe which is not a Contracting Party to the Convention shall have the right to be represented on the Committee by an observer.

3. The Secretary General of the Council of Europe shall convene the Standing Committee whenever he finds it necessary and in any case when a majority of the representatives of the Contracting Parties or the representative of the European Economic Community, being itself a Contracting Party, request its convocation.

4. A majority of representatives of the Contracting Parties shall constitute a quorum for holding a meeting of the Standing Committee.

5. The Standing Committee shall take its decision by a majority of the votes cast; however, unanimity of the votes cast shall be required for:

a. the adoption of the recommendations provided for in paragraph 1 of Article 9;

b. the decision to admit observers other than those referred to in paragraph 2 of this Article;

c. the adoption of the report referred to in Article 13; this report could set out, where appropriate, divergent opinions.

6. Subject to the provisions of this Convention, the Standing Committee shall draw up its own Rules of Procedure.

#### Article 9

1. The Standing Committee shall be responsible for the elaboration and adoption of Recommendations to the Contracting Parties containing detailed provisions for the implementation of the principles set out in Chapter I of this Convention, to be based on scientific knowledge concerning the various species of animals.

2. Í þágu starfa þeirra sem henni eru falin í 1. tl. þessarar greinar skal fastanefnd fylgjast með þróun í vísindarannsóknum og nýjum aðferðum í kvikfjárrækt.

3. Ákveði fastanefnd ekki lengri frest til þess skulu tilmæli öðlast gildi sem slík sex mánuðum eftir að hún hefur samþykkt þau. Frá þeim degi er tilmæli öðlast gildi skal hver samningsaðili annaðhvort framkvæma þau eða tjá fastanefnd með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins hvers vegna hann telur sig ekki geta framkvæmt tilmælin, eða geti ekki lengur framkvæmt þau.

4. Nú hafa tveir eða fleiri samningsaðilar, eða Efnahagsbandalag Evrópu, sé það sjálft samningsaðili, tilkynnt samkvæmt 3. tl. þessarar greinar um þá ákvörðun sína að framkvæma ekki tilmæli eða að framkvæma þau ekki lengur, og skulu þau tilmæli þá falla úr gildi.

#### 10. gr.

Fastanefnd skal af fremsta megni greiða fyrir vinsamlegri lausn á hverjum þeim vanda sem upp kann að koma meðal samningsaðila varðandi framkvæmd samnings þessa.

#### 11. gr.

Fastanefnd getur að ósk samningsaðila veitt ráðgjafarálit á hverju því málefni sem dýravernd varðar.

#### 12. gr.

Hver samningsaðili getur sett á fót eina eða fleiri stofnanir sem fastanefnd geti leitað upplýsinga og ráða hjá sér til hjálpar við störf sín. Samningsaðilar skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins nöfn og heimili slíkra stofnana.

#### 13. gr.

Fastanefnd skal í lok þriðja árs frá því er samningur þessi öðlast gildi, og á þriggja ára fresti eftir það, leggja fyrir ráðherranefnd Evrópuráðsins skýrslu um störf sín og framkvæmd samningsins, þar á meðal tillögur til breytinga á samningnum, telji hún þess þörf.

2. For the purpose of carrying out its responsibilities under paragraph 1 of this Article, the Standing Committee shall follow developments in scientific research and new methods in animal husbandry.

3. Unless a longer period is decided upon by the Standing Committee, a Recommendation shall become effective as such six months after its adoption by the Committee. As from the date when a Recommendation becomes effective each Contracting Party shall either implement it or inform the Standing Committee by notification to the Secretary General of the Council of Europe of the reasons why it has decided that it cannot implement the Recommendation or can no longer implement it.

4. If two or more Contracting Parties or the European Economic Community, being itself a Contracting Party, have given notice in accordance with paragraph 3 of this Article of their decision not to implement or no longer to implement a Recommendation, that Recommendation shall cease to have effect.

#### Article 10

The Standing Committee shall use its best endeavours to facilitate a friendly settlement of any difficulty which may arise between Contracting Parties concerning the implementation of this Convention.

#### Article 11

The Standing Committee may express an advisory opinion on any question concerning the protection of animals at the request of a Contracting Party.

#### Article 12

Each Contracting Party may appoint one or more bodies from which the Standing Committee may request information and advice to assist it in its work. Contracting Parties shall communicate to the Secretary General of the Council of Europe the names and addresses of such bodies.

#### Article 13

The Standing Committee shall submit to the Committee of Ministers of the Council of Europe, at the expiry of the third year after the entry into force of this Convention and of each further period of three years, a report on its work and on the functioning of the Convention, including if it deems it necessary proposals for amending the Convention.

### III. KAFLI Lokaákvæði

#### 14. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins og Efnahagsbandalag Evrópu. Hann er háður fullgilding-  
ingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-,  
viðurkenningar- og samþykktarskjöl skulu afhent  
aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi gengur í gildi sex mánuðum  
eftir afhendingu fjórða fullgildingar-, viðurkenn-  
ingar- eða samþykktarskjalsins.

3. Gagnvart aðila sem undirritar samninginn og  
fullgildir, viðurkennir eða samþykkir hann eftir  
þann dag sem um ræðir í 2. tl. þessarar greinar  
öðlast hann gildi sex mánuðum eftir afhendingu  
fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktar-  
skjalsins.

#### 15. gr.

1. Eftir gildistöku samnings þessa getur ráð-  
herranefnd Evrópuráðsins, með þeim skilyrðum  
og skilmálum sem hún ákveður, boðið ríkjum sem  
ekki eru aðilar að Evrópuráðinu að gerast aðilar  
að samningnum.

2. Aðild gerist með því að aðildarskjál er afhent  
aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og tekur  
það gildi sex mánuðum eftir afhendingu.

#### 16. gr.

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt við  
undirritun eða við afhendingu fullgildingar-,  
viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals  
að tilgreina það eða þau landssvæði sem samning-  
ur þessi nær til.

2. Sérhver samningsaðili getur, við afhendingu  
fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða  
aðildarskjals eða síðar, lýst því yfir við aðalfram-  
kvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi  
nái einnig til hvaða annars landssvæðis eða lands-  
svæða sem tilgreind eru í yfirlýsingunni enda fari  
hann með utanríkismál þess eða hefur heimild til  
að skuldbinda það.

3. Sérhverja yfirlýsingu sem gefin er samkvæmt  
undanfarandi tölulíð má afturkalla fyrir hvert það  
landssvæði sem þar er greint á þann hátt sem mælt  
er fyrir um í 17. gr. samnings þessa.

### CHAPTER III Final Provisions Article 14

1. This Convention shall be open to signature by  
the member States of the Council of Europe and  
by the European Economic Community. It shall  
be subject to ratification, acceptance or approval.  
Instruments of ratification, acceptance or approval  
shall be deposited with the Secretary General of  
the Council of Europe.

2. This Convention shall enter into force six  
months after the date of the deposit of the fourth  
instrument of ratification, acceptance or approval  
by a member State of the Council of Europe.

3. In respect of a signatory Party ratifying,  
accepting or approving after the date referred to in  
paragraph 2 of this Article, the Convention shall  
enter into force six months after the date of the  
deposit of its instrument of ratification, accept-  
ance or approval.

#### Article 15

1. After the entry into force of this Convention,  
the Committee of Ministers of the Council of  
Europe may, upon such terms and conditions as it  
deems appropriate, invite any non-member State  
to accede thereto.

2. Such accession shall be effected by depositing  
with the Secretary General of the Council of  
Europe an instrument of accession which shall  
take effect six months after the date of its deposit.

#### Article 16

1. Any Contracting Party may, at the time of  
signature or when depositing its instrument of  
ratification, acceptance, approval or accession,  
specify the territory or territories to which this  
Convention shall apply.

2. Any Contracting Party may, when depositing  
its instrument of ratification, acceptance, approval  
or accession or at any later date, by declaration  
addressed to the Secretary General of the Council  
of Europe, extend this Convention to any other  
territory or territories specified in the declaration  
and for whose international relations it is respon-  
sible or on whose behalf it is authorised to give  
undertakings.

3. Any declaration made in pursuance of the  
preceding paragraph may, in respect of any terri-  
tory mentioned in such declaration, be withdrawn  
according to the procedure laid down in Article 17  
of this Convention.

## 17. gr.

1. Sérhver samningsaðili getur hvenær sem er sagt samningi þessum upp með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Slík uppsögn tekur gildi sex mánuðum eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóra berst tilkynningin.

## 18. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og sérhverjum samningsaðila sem ekki er aðili að Evrópuráðinu um:

- a. sérhverja undirritun,
- b. afhendingu sérhvers fullgildingar-, viðurkenningar-, samþykktar- eða aðildarskjals,
- c. sérhvern gildistökudag samnings þessa samkvæmt 14. og 15. gr.,
- d. sérhver tilmæli sem getið er í 1. tl. 9. gr. og gildistökudag þeirra,
- e. sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt 3. tl. 9. gr.,
- f. sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt 12. gr.,
- g. sérhverja yfirlýsingu sem berst samkvæmt 2. og 3. tl. 15. gr.,
- h. sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt 17. gr. svo og gildistökudag uppsagnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 10. mars 1976 á ensku og frönsku í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til allra ríkja sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum.

## Article 17

1. Any Contracting Party may, in so far as it is concerned, denounce this Convention by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.

2. Such denunciation shall take effect six months after the date of receipt by the Secretary General of such notification.

## Article 18

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council and any Contracting Party not a Member of the Council of:

- a. any signature;
- b. any deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
- c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Articles 14 and 15 thereof;
- d. any Recommendation of the kind referred to in paragraph 1 of Article 9 and the date on which it takes effect;
- e. any notification received in pursuance of the provisions of paragraph 3 of Article 9;
- f. any communication received in pursuance of the provisions of Article 12;
- g. any declaration received in pursuance of the provisions of paragraphs 2 and 3 of Article 15;
- h. any notification received in pursuance of the provisions of Article 17 and the date on which denunciation takes effect.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 10th day of March 1976, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory and acceding Parties.